

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1996

19. júlí 1996

1081

Nr. 403

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 291/1995,
um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þeir sem hafa skotvopnaleyfi eða eru handhafar veiðiréttar eða hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994, eiga rétt á veiðikorti skv. 4. gr. án þess að taka veiðipróf sæki þeir um slíkt fyrir 31. ágúst 1996. Að öðrum kosti gilda um þá ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfissráðuneytinu, 19. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

12. júlí 1996

Nr. 404

AUGLÝSING

um hreindýraveiðar árið 1996.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 268 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 1996, auk hreindýrakálfa skv. 3. gr. Þó má hefja veiðar á törfum 20. júlí, en þess skal vandlega gætt að þær veiðar trufli hvorki kýr né kálfa.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 1996 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár í Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hölkná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.